

**42. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,
12. júlí 2016 og hófst hann kl. 08:00**

Fundinn sátu:

Rakel Óskarsdóttir varaformaður, Kristinn Hallur Sveinsson aðalmaður, Ásthildur Ósk Ragnarsdóttir áheyrnarfulltrúi, Sigrún Inga Guðnadóttir áheyrnarfulltrúi, Valdís Eyjólfsdóttir varamaður, Svala Kristín Hreinsdóttir deildarstjóri skólaþróunar og sérfræðipjónustu og Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri.

Fundargerð ritaði: Svala Hreinsdóttir, deildarstjóri skólaþróunar og sérfræðipjónustu.

Fyrir tekið:

1. 1607030 - Starf sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Bæjarráð hefur heimilað bæjarstjóra að auglýsa stöðu sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs. Bæjarstjóri kynnti ráðningarferlið og drög að auglýsingu vegna fyrirhugaðrar ráðningar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs.

Bæjarstjóri gerði grein fyrir breytingum á skóla- og frístundasviði. Bæjarráð samþykkti á síðasta fundi að bjóða Svölu Hreinsdóttur starfandi sviðsstjóra á skóla- og frístundasviði stöðu sviðsstjóra á velferðar- og mannréttindasviði. Helga Gunnarsdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs kemur ekki til baka í starf sviðsstjóra af heilsufarsástæðum. Skóla- og frístundaráð þakkar Helgu fyrir mjög gott samstarf og störf í þágu skóla- og frístundastarfsemi á Akranesi og óskar henni velfarnaðar í framtíðinni.

Skóla- og frístundaráð samþykkir drög að auglýsingu um stöðu sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs þar sem fram koma upplýsingar um helstu verkefni og ábyrgðarsvið og menntunar-og hæfniskröfur.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 08:30.

Kristinn H. Sveinsson
Sigrún Inga Guðnadóttir
Ásthildur Ósk Ragnarsd.
Rakel Óskarsdóttir
Valdís Eyjólfsdóttir